



Viðtakandi	Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis	Dagsetning	16. apríl 2024
Sendandi	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Málsnúmer	URN24010216
		Tilgangur	Til upplýsingar

Innleiðing á tilskipun 2009/31/EB – Athugasemdir ESA

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti barst erindi frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) 12. apríl 2024 þar sem stofnunin kemur á framfæri athugasemdum sínum varðandi innleiðingu á tilskipun (ESB) 2009/31 (hér eftir „CCS-tilskipunin“).

Í erindi ESA kemur fram að við nánari skoðun á drögum að starfsleyfi Carbfix á Hellisheiði sem ESA hefur nú til meðferðar, í samræmi við 6. mgr. 33. gr. c. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 hafi ESA komið auga á misræmi á milli ákvæða laganna og frumvarpsins sem nú er til meðferðar hjá umhverfis- og samgöngunefnd þegar höfð er hliðsjón af ákvæðum CCS-tilskipunarinnar. Athugasemdir ESA við innleiðingu CCS-tilskipunarinnar eru eftirfarandi:

I. 33. gr. g:

Annar töluliður 1. mgr. 33. gr. g. laganna (sem verður þriðji töluliður 1. mgr. 33. gr. g., sbr. frumvarp sem nú liggur fyrir á Alþingi) er ekki í samræmi við skilyrði c-liðar 1. mgr. 18. gr. CCS-tilskipunarinnar. Vísa skal sérstaklega til 2. mgr. 33. gr. j. laganna (sem verður 33. gr. k., sbr. frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi).

- URN: Breyta þarf 33. gr. g. og færa inn orðin: „2. mgr.“ á undan orðunum „skv. 33. gr. j.“.

II. 33. gr. j:

2. mgr. 33. gr. j. laganna (sem verður 33. gr. k., sbr. frumvarp sem nú liggur fyrir á Alþingi) er ekki í samræmi við orðalag 1. mgr. 20. gr. CCS-tilskipunarinnar, en þar kemur fram að fjárframlagið skuli ná til a.m.k. áætlaðs kostnaðar við eftirlit til 30 ára.

- URN: Breyta þarf 2. mgr. 33. gr. j. sem verður 33. gr. k. verði frumvarpið samþykkt á Alþingi og færa inn eftirfarandi málslið á eftir orðunum kostnað við vöktun: sem skal nægja fyrir a.m.k. ætluðum kostnaði af vöktun í 30 ár.

III. 33. gr. h:

2. mgr. 33. gr. h. er ekki í samræmi við skilyrði 2. mgr. 21. gr. CCS-tilskipunarinnar. Ákvæðið ætti að vísa til þeirra viðmiða sem tekið er tillit til þegar aðgangur er veittur en ekki þegar aðgangi er synjað.

Enn fremur er d-liður 2. mgr. 33. gr. h. laganna ekki í samræmi við orðalag d-liðar 2. mgr. 21. gr. CCS-tilskipunarinnar.



- URN: Í stað 2. mgr. 33. gr. h. kemur: Aðgangur sem um getur í 1. mgr. skal veittur á gagnsæjan hátt og án mismununar. Aðgangur skal veittur með sanngjörnun hætti án hindrana og hliðsjón skal höfð af:
- URN: Í stað d. liðar 33. gr. h. kemur: nauðsyn þess að virða tilhlýðilega rökstuddar og eðlilegar þarfir eiganda eða rekstraraðila geymslusvæðis eða flutningskerfis og hagsmuni allra annarra sem nota geymsluna eða netið eða viðkomandi vinnslu- eða meðhöndlunarbúnað og kunna að verða fyrir áhrifum.

[Tillaga/niðurstaða]

Ráðuneytið hefur yfirfarið athugasemdir ESA og leggur til þær breytingar á frumvarpinu sem koma fram hér að ofan en telur rétt að benda á að 1. mgr. 20. gr. og 2. mgr. 21. gr. CCS tilskipunarinnar eru einnig innleiddar í 19. gr. og 2. mgr. 20. gr. reglugerðar 1430/2022 um geymslu koldíoxíðs í jarðlögum. Í 19. gr. reglugerðarinnar kemur fram að fjárframlag skuli nægja fyrir a.m.k. ætluðum kostnaði í 30 ár og orðalag 2. mgr. 20 gr. reglugerðarinnar er sama orðalag og er lagt til undir lið III hér að ofan.